

Skólaráðsfundar 18.apríl 2016 kl. 16:00.

Mættir: Jóhanna skólastjóri, Guðrún Ingibjörg, Jóhanna Lilja, Freyja, Ragnar Bjarni Hreiðarsson, Elín Ása Einarsdóttir, Þórhallur, Jóhanna Lilja.

Dagskrá:

1. Ytra mat

Kynning á ytra matinu hefur farið fram hér innan skólans, annar matsaðilinn var með þessa kynningu. Rautt – þarf að lagfæra mikið, Gult- þarf að laga aðeins, grænt- fínt skólamat og dökkgrænt – frábær skóli. Lágafellsskóli fékk grænan profile. Skýrsla matsaðila fer næst í ráðuneytið. Skólinn þarf að senda umbótaáætlun í ráðuneytið. Jóhanna býst ekki við að fá að sjá skýrsluna fyrr en í vor. Verður unnið með þessa þætti í haust. Um leið og skýrslan er gerð opinber þá verður hún gerð opinber á heimasíðu Lágafellsskóla.

2. Innra mat skólans – Gæðagreinin matstæki. Hvernig skólabrag viljum við hafa í skólanum okkar. Ekki tekinn nú tilbúinn Gæðagreinin heldur var farið með starfsmannahópin í þá vinnu að búa til Gæðagreini, svipað og Skotar eru að gera. Starfsmannahópurinn skilgreindi hvernig er frábær skólabragur, farið var yfir aðalnámsskrá, grunnskólalög og fl. Skólinn vill fá foreldrahóp og rýnihóp nemenda til að fara yfir þennan gæðagreini og hvort það sé eitthvað sem þessum hópum finnst vanta í þennan gæðagreini. Hvernig á að velja foreldra í þetta? Ákveðið að senda á bekkjarfulltrúa og biðja þau að vera í hóp sem færi yfir þessa gæðagreina. Jóhanna sendir slíkan póst á bekkjarfulltrúa.

Í innra mati á eftir að gera tvær kannanir; foreldrakönnun og nemendakönnun. Senda foreldrakönnun á foreldra í skólaráði og þau fara yfir þær.

3. Framkvæmdir við Höfðaberg og á Baugshlíð

Verktakinn á að hefja vinnu nú í lok apríl og ljúka verki í lok maí.

Sparkvellir og gúmmíkurl – þetta er í höndum bæjarráðs hvort það verði farið út í að skipta um kurl eða ekki. Skólaráð sendir fyrirspurn á bæjarstjórn varðandi þessi mál

Raki og mygla – Höfðabergi - Leki var í einni skólastofunni, við hliðina á hurðinni en það er búið að laga það. Komið leki x2 í vetur en það er búið að laga það. Búið að koma að mæla raka í veggjum og það hefur ekki verið að mælast neinn raki. Sylgja Dögg – gerir forathugun sem gefur vísbendingu um hvort það sé einhver mygla. Hún kemur frá einhverri verkfræðistofu. Hefur fundist lykt, en það hefur ekkert fundist.

4. Nemendafélag, hvað er á döfinni? Ný búin að vera árshátíð sem gekk mjög vel. Verið er að plana nýtt ball. 10 bekkur var að setja upp leikrit, gekk mjög vel. Verið er reyna að setja upp fleiri sýningar það hefur verið eftirspurn eftir því. Vorball bólsins í Hlégarði á miðvikudag, Varmárskóli og Lágafellsskóli eru saman.

5. Önnur mál – Á næsta fundi að skoða Höfðaberg. Fundað þar 23.05.2016 næst.

Lýðræðisfundur var haldinn í unglingsdeildinni í síðustu viku. Hvað eru þau ánægð með, hvað má bæta og koma með nýjar hugmyndir. Þetta er gert í hverjum bekk og svo var einn fulltrúi frá hverjum bekk sem kom með sýna punkta lýðræðisfundinn. Þetta gekk vel og var skemmtileg nýbreytni.

Fundarritari: Jóhanna Lilja